

# Fundargerð í Rallýráði AKÍS

Fundur haldinn 9. júní 2021 á Zoom kl. 19.30

Mættir Baldur Haraldsson BS, Tryggvi M Þórðarson KK, Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Garðar Gunnarsson AIFS boðaði forföll.

---

## 1. Erindi frá AKÍS

Erindi barst frá skrifstofu AKÍS 2. júní þar sem þess er farið á leit við keppnisráðið að það gæfi upp afstöðu sína til beiðnar BÍKR varðandi vægi stiga fyrir keppni sem haldin verður 26. júní n.k. :

Í Greinarreglum fyrir rally segir:

### **GREIN 4.10 ÁKVÖRÐUN ÍSLANDSMEISTARA**

**4.10.1** Íslandsmótið í rally er stigakeppni.

**4.10.1.a** Keppnir geta haft mismunandi vægi í stigagjöf til Íslandsmeistara og ræðst vægið af samanlagðri lengd sérleiða.

**4.10.1.a.i** Séu eknar sérleiðir í keppni að lágmarki 80 km að lengd fær vægi stiga í keppni stuðulinn 1,0.

**4.10.1.a.ii** Séu eknar sérleiðir í keppni að lágmarki 160 km að lengd fær vægi stiga í keppni stuðulinn 1,25.

**4.10.1.a.iii** Séu eknar sérleiðir í keppni að lágmarki 240 km að lengd fær vægi stiga í keppni stuðulinn 1,5.

**4.10.1.a.iv** Keppnishaldari skal tilgreina áætlað vægi keppni þegar upplýsingar um hana eru birtar á keppnisdagatali AKÍS.

Í grein 4.10.1.a.iv segir að tilgreina skuli áætlað vægi keppni á keppnisdagatali. Ráða má af fyrirbyggjandi keppnisdagatali að BÍKR hafi áætlað að vægi þessarar keppni yrði 1,0. Nú virðist hins vegar vera komið í ljós að sérleiðakílómetrar verða yfir 160 og leggur keppnisráðið þann skilning í reglurnar að þannig virkist sjálfkrafa grein 4.10.1.a.ii og keppnin fái vægið 1.25, ekki þurfi samþykki keppnisráðsins né annarra fyrir því.

## 2. Önnur mál

Keppnisráðinu er umhugsunarefni hvernig staðið verður að „lengingu“ á keppni þeirri sem um ræðir í lið 1. Byggir það á því að allar sérleiðir keppinnar hafa lengst um 150 m hver frá þeim „tímamaster“ sem gefinn var út þegar keppnin var auglýst og þeim sem birtur er í upplýsingaskýrslu 2 á [www.bikr.is](http://www.bikr.is), dagsettri 8. júní 2021.

Telur ráðið mikilvægt að óbyggjandi sé að þeirri vegalengd verði náð sem þarf til aukins vægis stiga samkvæmt grein 4.10.1.

Fundi slitið kl. 20.22

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson